

Raddir lesenda

HALLUR HALLSSON



Auglýsingar og jafnrétti

M.H. skrifar:

„Oft hef ég furðað mig á að ennþá skuli birtar auglýsingar þar sem á rösamáli er verið að

litilsvirða okkur kvenmennina. Það leynir sér ekki að karlmenn semja þessar auglýsingar — en gera mennirnir sér ljóst að um

leið litilsvirða þeir eigin konu, dóttur og móður? Með öðrum orðum, gera það opinskátt hvað þeir sjálfir eru litillar ættar.”

ENGIN GRÁTKONUVIÐKVÆMNI HELDUR LISTRÆN HUGSUN OG GOTT HANDBRAGÐ

Þórkell A. Björgvinsson skrifar:

„Dagana 25. okt. til 2. nóvember sl. hélt Halla Haraldsdóttir sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum. Um tvö þúsund gestir komu á sýninguna og meginhluti myndanna seldist. Voru sumar myndirnar keyptar af virtustu listkaupendum borgarinnar.

Hinn 4. nóvember sl. skrifar svo Aðalsteinn Ingólfsson harla ósmekklega grein um þessa sýningu í Dagblaðið, að því er virðist í þeim eina tilgangi að úthýsa listakonunni úr sýningarsölum borgarinnar um ókomna framtíð. Fullyrðir hann að listakonan sé algjörlega ómenntuð á sviði myndlistar og skilningslaus á eðli og hlutverk lita, skorti listræna myndhugsun og sé með velgjulega viðkvæmni, grátkonuviðkvæmni í meðferð mynddefnis og lita. Veitir hann henni þó þá viðurkenningu að hann nefnir hana listakonu í grein sinni. Umræddur greinarhöfundur hafði komið á sýninguna, dvalið þar í tvær mínútur til skoðunar á 81 myndverki og gengið síðan út.

Með slíkri hundavaðsathugun eru listaverkin fordæmd. Það vekur furðu ef þess háttar gönguskoðun getur talist listgagnrýni og þá er ekki mikið til lista lagt.

Það vill svo til að mér er kunnugt um að þessi kona á mikla lífsreynslu að baki. Verk hennar birtust fyrst opinberlega fyrir 24 árum og hefur hún stundað nám í listgrein sinni á fimmta ár, bæði hér heima og í Danmörku. Á undan þessari sýningu að Kjarvalsstöðum hefur Halla haldið sýningu á verkum sínum á Siglufirði, Akureyri og Keflavík, tvær einkasýningar í Danmörku og tvær samsýningar þar líka. Í anddyri sjúkrahússins á Siglufirði á hún eftir sig lágmynd, 2x3 m, mótaða í stein, sem ber listhæfni hennar glöggvitni og margir hafa kunnað að meta. Það svo, að þegar H. Oidtmann-bræður frá Þýskalandi, sem þekktir eru hér á landi fyrir samstarf sitt við Gerði heitna Helgadóttur, sáu þessa mynd í anddyri sjúkrahússins fengu þeir slíkan áhuga á verkum Höllu að þeir fóru í heimsókn til listakonunnar suður í Keflavík. Buðu þeir

henni að taka þátt í sýningu hjá sér er þeir halda í Þýskalandi á fimm ára fresti. Tóku þeir ljósmyndir af verkum hennar og fengu myndir sem þeir höfðu með sér til Þýskalands. Hafa þeir þegar hafið vinnslu á myndum listakonunnar og mátti sjá eina þeirra á sýningunni að Kjarvalsstöðum. Það má ætla að þessir menn bjóði ekki upp á neitt „smekkskemma“ heldur aðeins það sem ber listrænni myndhugsun og góðu handbragði fagurt vitni.

Kjarvalsstöðum er því sömi að sýningu Höllu Haraldsdóttur sem listunendur kunnu greinilega að meta.”

— segir lesandi
um gagnrýni
Aðalsteins
Ingólfssonar
á verkum
Höllu
Haraldsdóttur



Verk eftir Höllu Haraldsdóttur — myndin er tekin á sýningu hennar á Kjarvalsstöðum í haust.

Almannavörnum

Þess að vinna ofanefnd verk. Hugmyndir þessar eru fyrir hendi en lítið verður úr framkvæmdum sökum peningaleysis. Ég legg til að hver borgari leggi sinn skerf af mörkum til þess að koma um-

ræðum af stað um þessi mál og hina brýnu nauðsyn á sterkum almannavörnum. Það tekur tíu mínútur að lesa fjórar síðustu blaðsíður simaskrárinnar og kostar ekkert að ihuga hvort þessi mál séu nógu vel kynnt.”

HINDRIÐ LOST

Þú sem veitir hjálpu, á að: Stöðva bláðing, þú um meðliði.

og EINS FLJÓTT OG HANN GETUR á hann að:

- 1) Legga hann stöðva þannig, að höfuðið liggja lágt.
- 2) Draga úr áráttu með því að láta fara vel um hinn stöðva hluta líkamans.
- 3) Þægja frá kúðu með því að breiða yfir hinn stöðva.
- 4) Róa hinn stöðva.

ÁDEINS ef um langa bíl er að ræða: Gefa honum að drekka, gefa honum „reyk“, kanna líka kvælastillandi hjá — en þá þá á aðeins, að hann sé með meðvitund og ekki með dæmum í kvíðarholi.

- 5) Forðist ónáðgæflegan og óvægilegan flutning.

BRUNASÁR

Eldur í fótum

skali skótkur strax með því að koma hann með vatni, þappi eða þess háttar, er eða með því að þryta hinu brennandi klæði fast á jörðinni.

MEDFERÐ BRUNASÁRA

BJÁLFSHJÁLPU: Verið róleg, leggjst strax niður og þrygjið brennandi fótum að jörðinni undir eldurinn er kvefður.

- 1) Kalt vatn.
- 2) Deuðreinsaðir umbúðir.
- 3) Við stór brunasár: Varnir gegn lofti.

BLÁSTURSADFERÐ

Munn að munn

- A) Leggjst þannig sem í deildu er á bakki. Sveigjið höfuðið vel aftur með öðra höndina á enni, en hina og blásið í nasir honum, þar til undir hökunni.
- B) Dragið andann djúpt, leggjst gæl opna munnið að næri skjáltingi með öðra höndina á enni, en hina og blásið í nasir honum, þar til brjóstakassinn lyftist.
- C) Lytið höfuðið frá andlit skjáltingi og dragið djúpt andann. Blásið aftur, jafnað og innandun er lokið.

Munn að munn

El blástur gegnum nef ber ekki árangur, er reynt að blása gegnum munninn. Ef um er að ræða smábörn, er blásið samtímis gegnum munn og nef.

Fyrstu 10 innblásturana eins órt og hægt er — síðan um það bil 15 blásturum á mínútu. Höfuðstillingu skal haldið óbreytt á milli innblásturanna.

BLÁSTURSADFERÐ MÁ ALDREI NOTA: 1) Þegar hinn stöðvi drugar andann. 2) Þegar eltrun orsakast af óþægilegum.

Verzlunarferðir til Bretlands

Ein ofsareid skrifar: „Verzlunarferðir íslenskra kvenna til Bretlandseyja eru ástæða þessara skrifa minna.

Ég verð að segja eins og er — mér finnast þessar verzlunarferðir forkastanlegar, hreint og beint til skammar. Kvenfólk flykkist til Bretlands í þúsundtali í svokallaða innkaupatúra.

Hvernig er það, eiga þessar konur enga sómatilfinningu? Sjálfst sagti eru þessar konur, sem fara utan, ekki sjómannskonur, eiga ekki menn sem standa í baráttu við brezka ljónið. Þetta sífellda EG kemur upp aftur og aftur. Ég get, ég vil og ég skal fara til Bretlands á meðan íslenska þjóðin berst fyrir tilveru sinni.”

Spurning dagsins

Ferðu oft út að skemmta þér?



Vigfús Guðmundsson: — Ég fer um hverja helgi — en þá ekki nema einu sinni yfir helgina, aðallega á föstudagskvöldum.



Agústa Hreinsdóttir, skrifstofustúlka: — Það er alltaf eitthvað að gerast og maður er sífellt að skemmta sér. Hver dagur hefur alltaf upp á eitthvað skemmtilegt að bjóða.



Karl Óskar Hjaltason: — Hvað, ég fer svoða tvisvar í viku. Annars er ég reglulegur gestur á veitingahúsum um þessar mundir — ég auglýsi sigarettutegund, má bjóða þér?



Hrafnhildur Þórarinsdóttir, húsmóðir: — Nei, ég fer ekki oft — ja, svoða þrisvar á ári, þá aðallega á Sögu. Ég hef svo gaman af að dansa.



Bjarnveig Gunnarsdóttir, vinnur á saumastofu: — Ég fer bara út að skemmta mér um helgar — þá aðeins einu sinni yfir helgina — en athugaðu, kvöldið í kvöld er algjör undantekning. Ég fer alltaf í Sigtún.



Aðalheiður Guðjónsdóttir, aðstoðarstúlka þjóns: — Ég fer ekki oft út — stundum eftir vinnu á Sesar. Ég má ekkert vera að því að skemmta mér — er alltaf að vinna á kvöldin.